

ÍS 47 ehf.  
Fagraholti 3  
400 Ísafjörður

Reykjavík, 11. september 2020  
UST202007-155/H.R.A.  
08.03

### **Efni: Áminning og krafa um úrbætur**

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 20. ágúst sl. þar sem stofnunin áformaði að áminna ÍS 47 ehf vegna vegna vanskila á útstreymisbókhaldi sbr. reglugerð nr. 990/2008 um útstreymisbókhald.

**Umhverfisstofnun veitti frest til 3. september sl. að skila inn útstreymisbókhaldinu eða koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Stofnuninni hefur ekki borist útstreymisbókhald ársins 2019 og veitir því rekstraraðila áminningu, sbr. 2. tl. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Jafnframt er gerð krafa um úrbætur. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til 25. september nk. til þess að skila inn útstreymisbókhaldi fyrir árið 2019 eða koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.**

Verði rekstraraðili ekki við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að 500.000 kr. á dag þar til úr er bætt, sbr. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 2. mgr. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018, með síðari breytingum. Þær aðgerðir yrðu áformaðar sérstaklega og andmælafrestur veittur.


Umhverfisstofnun bendir á að heimilt er að vísa ákvörðun þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru fer samkvæmt lögum nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.


Vakin skal athygli á því að áminning þessi verður birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar. Jafnframt mun stofnunin birta á vefsíðu sinni sjónarmið fyrirtækisins.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 15.378 kr.**

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa sambandi við Helgu Rut Arnarsdóttur í síma 591-2000 eða með tölvupósti á [helga.arnarsdottir@ust.is](mailto:helga.arnarsdottir@ust.is). Gögnum skal skila í pósti til Umhverfisstofnunar eða á netfangið [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is).

Virðingarfyllst

  
Skúli Þórðarson  
sviðsstjóri

  
Helga Rut Arnarsdóttir  
lögfræðingur